

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

10. fundur

Mánudaginn 11. febrúar 2019 kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Karólína Helga Símonardóttir boðaði forföll.

- 1) Rætt um helstu áhersluatriði varðandi umferðarmál, gatnaskipulag og bílastæðamál vegna vinnu við rammaskipulagið. Arkitektateymi hefur óskað eftir áherslupunktum frá samráðsnefnd varðandi þessa þætti. Farið yfir samantekt frá Mannvit frá 25. Jan sl. um umferðarmál á svæðinu. Samráðsnefndin óskar eftir að fulltrúar frá mannviti mæti á næsta fund samráðsnefndar til að nánar yfir tölur og áherslur fyrir næsta vinnufund með arkitektateymi.
- 2) Farið yfir tölur varðandi heildarrými og nýtingu á einstaka byggingareitum. Arkitektateymi er að yfirfara þær tölur.
- 3) Skoðaðir þættir er snúa að þjónustu við íbúðabyggð á Óseyrarsvæði m.a. skólamál. Leitað verður frekari upplýsinga frá fræðsluráði varðandi stöðu í skólahverfi Hvaleyrarskóla.
- 4) Rætt um að tryggja sem best samnýtingu á bílastæðum innan skipulagssvæðisins í heild. Tryggja hægari umferð og álag um Fornubúðir og Óseyrarbraut, meginakstur verði um Hvaleyrarbraut. Skoða gangamót við Skipagötu til að draga úr hæðarmun og jafnvel lækkun á Hvaleyrarbraut og örugga göngutengingu úr Óseyrarhverfi við Hvaleyrarbraut. Farið nánar yfir þessi atriði á næsta fundi með umferðarsérfræðingum í byrjun mars.
- 5) Næsti vinnufundur með arkitektateymi verður haldinn í Gautaborg 14. – 16. mars n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15

LG ritaði fundargerð